



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1907/2006

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **GEARTEX S5 75W-140**

1.2. Tilgreind notkun Gírolía

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

DSD/DPD FLOKKUN: Ekki flokkað sem hættulegt samkvæmt viðmiðunarreglum ESB.

2.2. Merkingaratriði samkvæmt tilskipun 1999/45/EB (hættulegar efnablöndur)

Ekki flokkað – inniheldur Ólefinfjölsúlfíð. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Fosfórsýruester, amínsalt. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

2.3. Aðrar hættur

Engar upplýsingar.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efnispættir	Vörukenni	%Þyngd	Tilskipun 1999/45/EB
Mikið hreinsuð jarðolía (C15 – C50)	EINECS #:* REACH #: **	1-5	Ekki flokkað
Ólefinfjölsúlfíð	EINECS#: Fjölliða CAS#: Viðskiptaleyndarmál REACH#: **	<5	Xi; H43, H53
Fosfórsýruester, amínsalt	EINECS#: Bundið einkaleyfi CAS#: Blanda REACH#: **	1-1,99	N; H51/H53

Efnispættir	Vörukenni	%Þyngd	CLP-flokkun
Mikið hreinsuð jarðolía (C15 – C50)	EINECS #:* REACH #: **	1-5	Ekki flokkað
Ólefinfjölsúlfíð	EINECS#: Fjölliða CAS#: Viðskiptaleyndarmál REACH#: **	<5	Vatnalíf langvinn 4; H413 Húðnæming 1; H317
Fosfórsýruester, amínsalt	EINECS#: Einkaleyfi CAS#: Blanda REACH#: **	1-1,99	Vatnalíf langvinn 2; H411 Húðnæming 1; H317

*Inniheldur eitt eða fleiri eftirtaldrá EINECS-númera: 265-090-8, 265-091-3, 265-096-0, 265-097-6, 265-098-1, 265-101-6, 265-155-0, 265-156-6, 265-157-1, 265-158-7, 265-159-2, 265-160-8, 265-161-3, 265-166-0, 265-169-7, 265-176-5, 276-735-8, 276-736-3, 276-737-9, 276-738-4, 278-012-2.

**Ekki tiltækt eða efni er ekki merkingarskyldt samkvæmt REACH.

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun Engra sérstakra ráðstafana þörf. Í tilviki snertingar við mikla þéttni efnisins í lofti, færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið læknis ef hósta eða öndunarþæginda verður vart.

Eftir snertingu við augu Engra sérstakra ráðstafana þörf. Til öryggis, fjarlægjið snertilinsur og skolið augu með vatni.

Eftir snertingu við húð Engra sérstakra ráðstafana þörf. Til öryggis, fjarlægjið föt og skó sem óhreinkast af efninu. Skolið efni af húðinni með sápu og vatni. Hendið menguðum fatnaði og skóm eða þvoið vel fyrir næstu notkun.

Eftir inntöku Engra sérstakra ráðstafana þörf. EKKI framkalla uppköst. Leitið læknis til öryggis.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

BRÁÐ EINKENNI OG ÁHRIF Á HEILBRIGÐI

Augu Ekki talin hætta á langvinnri eða verulegri augnertingu.

Húð Ekki talið hættulegt í snertingu við húð.

Inntaka Ekki talið hættulegt við inntöku.

Innöndun Ekki talið hættulegt við innöndun. Inniheldur jarðolíu. Getur valdið ertingu í öndunarfærum eða öðrum áhrifum á lungu við langvinna eða endurtekna innöndun olíuúða yfir ráðlögðum viðmiðunarmörkum fyrir jarðolíu. Meðal einkenna ertingar í öndunarfærum geta verið hósti og öndunarerfiðleikar.

TAFIN EÐA ÖNNUR EINKENNI OG ÁHRIF Á HEILBRIGÐI

Ekki flokkað.

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Á ekki við.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIADGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Vatnsúði, froða, slökkviduft eða koltvísýringur.

5.2. Sérstök hætta af blöndunni

Myndefni við bruna Mjög háð brunaskilyrðum. Flókin blanda loftborinna agna, vökva og lofttegunda myndast við bruna efnisins, þ.m.t. kolsýringur og lífræn efnasambönd sem ekki hafa verið borin kennsl á. Bruni getur myndað oxíð af: Brennisteini, fosfór.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar ráðstafanir Efnið brennur þó að erfitt sé að kveikja í því. Sjá 7. lið fyrir meðhöndlun og geymslu. Í bruna þar sem þetta efni er meðal þess sem brennur, farið ekki inn í þröng eða lokuð rými án viðeigandi hlífðarbúnaðar, þ.m.t. ferskloftstækis.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Fjarlægjið alla íkveikjugjafa í grennd við efnið. Sjá liði 5 til 8 fyrir frekari upplýsingar.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Komist fyrir upptök lekans ef mögulegt án áhættu. Haldið leka í skefjum til að koma í veg fyrir frekari mengun jarðvegs, yfirborðsvatns eða grunnvatns.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir Hreinsið upp leka eins fljótt og hægt er, að teknu tilliti til varúðarráðstafana sem taldar eru upp í 8. lið. Notið viðeigandi aðferðir. Notið eldtraust ísogsefni eða dælu til söfnunar. Ef mögulegt og viðeigandi, fjarlægjið mengaðan jarðveg og fargið í samræmi við gildandi lög og reglur. Látið önnur menguð efni í ílát og fargið í samræmi við gildandi lög og reglur. Tilkynnið viðeigandi yfirvöldum um leka eftir því sem við á eða kröfur eru gerðar um.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir

Varist að berist í augu, á húð eða á föt. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun. Bragðið hvorki né takið inn.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Almennt

Forðist mengun jarðvegs eða losun efnisins í holræsa- og fráveitukerfi og vatnshlot.

Stöðurafmagn

Stöðurafmagn getur hlaðist upp og skapað hættulegar aðstæður við meðhöndlun efnisins. Til að lágmarka hættu getur verið nauðsynlegt að jarðtengja og spennujafna. Þó getur verið að það nægi ekki eitt og sér. Farið yfir allar aðgerðir sem geta myndað og valdið upphleðslu stöðurafmagns og/eða eldfimum loftaðstæðum (þ.m.t. áfylling geyma og íláta, slettuáfylling, hreinsun geyma, sýnataka, mælingar, efnaskiptingar, síun, blöndun, hristing og vinna við sogdælubíla) og gerið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu.

Umbúðir

Umbúðir eru ekki hannaðar fyrir þrýsting. Ekki mynda þrýsting á tómar umbúðir, en þær geta rofnað á sprengifiman hátt. Leifar af efninu verða eftir í tómun umbúðum (föst efni, vökvi og/eða gufa) og geta verið hættuleg. Ekki mynda þrýsting, skera, logsjóða, lóða, sjóða, bora, slípa eða meðhöndla tómar umbúðir nálægt hita, eldi, neistum, stöðurafmagni eða öðrum íkveikjugjöfum. Þær geta sprungið og valdið líkamstjóni eða dauða. Tómar umbúðir skal tæma að fullu, loka vel og koma á sérhæfða móttökustöð eða farga þeim á réttan hátt.

7.3. Sérstök notkun

Gírolía.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Almenn atriði

Hugið að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum eignum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tilteknar aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Viðmiðunarmörk

Efnispáttur	Land/stofnun	TWA	STEL	Þakgildi	Tákun
Mikið hreinsuð jarðolía	Bretland	5mg/m ³	10 mg/m ³	-	-

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Notið í vel loftræstu rými.

Til hlífðar augum

Engra sérstakra augnhlífa er þörf við venjulegar aðstæður. Þar sem hætta er á skvettum, notið öryggisgleraugu með hliðarvörn.

Til hlífðar húð

Sérstaks hlífðarfatnaðar er ekki þörf við venjulegar aðstæður. Þar sem hætta er á skvettum, veljið hlífðarfatnað eftir eðli verks, líkamsbeitingu við verk og öðrum eignum á vinnustöð.

Til hlífðar öndun

Ráðlögð efni í hönskum. Gervigúmmí, nítrílgúmmí
Öndunarhlífa er ekki þörf við venjuleg skilyrði. Ef olíuúði myndast við aðgerðir notanda, finnið út hvort loftþéttni jarðolíuúða er undir viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi. Ef ekki, notið viðurkennda öndunargrímu sem veitir nægilega vörn gegn mældri þéttni efnisins. Notið síuhylki í öndunargrímur með síu.

Til verndar umhverfi

Sjá umhverfisverndarlöggjöf ESB eða viðaukann, eftir því sem við á.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

ATH. Upplýsingarnar að neðan lýsa venjubundnum gildum sem ekki eru nákvæmlega reglubundin.

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Ljós til brúnn
Lykt	Jarðolíulykt
Lyktarþröskuldur	Engar upplýsingar
pH-gildi	Engar upplýsingar
Frostmark	Engar upplýsingar
Upphafssuðumark	>315°C
Blossamark	(Cleveland opið ílát) 215°C (venjubundið)
Uppgufunarhraði	Engar upplýsingar
Eldfimi (fast form, lofttegund)	Engar upplýsingar
Íkveikju- og sprengimörk (% rúmmáls í lofti)	Engar upplýsingar
Gufuþrýstingur	<0,01 mmHg við 37,8°C
Gufuþéttni (loft=1)	>1
Eðlisþyngd	0,86 kg/l við 15°C (venjubundið)
Leysni	Leysanlegt í vetniskolefnum; óleysanlegt í vatni
Deilistuðull: n-oktanól/vatn	Engar upplýsingar
Sjálfstíkveikjuhitastig	Engar upplýsingar
Seigja	180,6 mm ² /s við 40°C (venjubundið)
Sprengieiginleikar	Engar upplýsingar
Oxunareiginleikar	Engar upplýsingar

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar viðbótarupplýsingar tiltækar.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Ekki talin hætta á efnahvörfum.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Efnið er talið stöðugt við venjulegt hitastig og þrýsting við notkun og geymslu.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Ekki talið hætta á skaðlegri fjölliðun.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Engar upplýsingar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Getur hvarfast heiftarlega við sterkar sýrur eða sterk oxunarefni, t.d. klóröt, nitröt, peroxíð o.fl.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Vetnissúlfíð (við hækkað hitastig), alkýlmerkaptön (hækkað hitastig).

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Augnskaði/erting	Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar.
Húðæting/húðerting	Hættumat byggir á gögnum um efnispætt ivörunnar.
Húðnæming	Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar.
Bráð eiturhrif á húð	Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar.
Bráð eiturhrif við inntöku	Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar..
Bráð eiturhr. við innöndun	Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar.
Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur	Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar eða sambærilegum efnum.
Krabbameinsv. áhrif	Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar eða sambærilegum efnum.
Eiturhrif á æxlun	Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar eða sambærilegum efnum.
Sértæk eiturhrif á marklíffæri - váhrif í eitt skipti	Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar eða sambærilegum efnum.

Sértæk eiturhrif á marklíffæri

- endurtekin váhrif

Hættumat byggir á gögnum um efnispætti vörunnar eða sambærilegum efnum.

Aðrar eiturefnafræðilegar upplýsingar:

Í samræmi við tilskipun 94/69/EB (21. ATP til DSD), Nota L, tilvísun IP 346/92: „DMSO útdráttaraðferð“, höfum við ákvarðað að grunnolíurnar sem notaðar eru í þessari blöndu séu ekki krabbameinsvaldandi.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Efnið er ekki talið hættulegt vatnalífi. Varan hefur ekki verið prófuð. Staðhæfingin byggir á eiginleikum efnispátta vörunnar. Við notkun í vélum verða til óverulega krabbameinsvaldandi efni við bruna efnisins. Rannsóknir hafa sýnt fram á að notaðar vélaolíur valda krabbameini í músum við endurtekna og langvarandi snertingu. Skammtíma og ósamfelld snerting við notaðar vélaolíur er ekki talin hafa alvarleg áhrif á fólk ef olían er vandlega þvegin af með sápu og vatni.

12.2 Þrávirkni og niðurbjótanleiki:

Efnið er ekki talið auðveldlega lífbrjótanlegt. Varan hefur ekki verið prófuð. Staðhæfingin byggir á eiginleikum efnispátta vörunnar.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Lífþéttnistuðull: Engar upplýsingar.

Oktaól/vatn deilistuðull: Engar upplýsingar.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Engar upplýsingar.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Efnið er ekki eða inniheldur ekki efnispætti sem flokkast sem PBT- eða vPvB-efni.

12.6. Önnur váhrif

Engin önnur váhrif.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun

Notið efni í tilætluðum tilgangi eða endurvinnið ef mögulegt. Móttökustöðvar fyrir spilliefni farga eða endurvinna notaðar olíur. Látið önnur menguð efni í ílát og fargið í samræmi við gildandi reglur. Hafðu samband við sölufulltrúann þinn eða umhverfis- eða heilbrigðisyfirvöld á staðnum fyrir upplýsingar um viðurkenndar förgunar- eða endurvinnsluaðferðir.

Úrgangskóði (EWC)

Niðurröðun samkvæmt evrópsku úrgangsskránni (E.W.C.): 13 02 05

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Vera má að lýsing taki ekki til allra aðstæðna við sjóflutninga. Leitið upplýsinga í viðeigandi reglum um hættulegan varning fyrir viðbótarkröfur um lýsingu (t.d. tækniheiti) og sérstakar kröfur vegna flutningsmáta eða magns.

ADR/RID

FELLUR EKKI UNDIR REGLUR UM FLUTNING Á HÆTTULEGUM VARNINGI

14.1 UN-númer: Á ekki við.

14.2 Rétt UN-sendingarheiti: Á ekki við.

14.3 Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga: Á ekki við.

14.4 Pökkunarhópur: Á ekki við.

14.5 Umhverfishættur: Á ekki við.

14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda: Á ekki við.

ICAO

FELLUR EKKI UNDIR REGLUR UM FLUTNING Á HÆTTULEGUM VARNINGI

14.1 UN-númer: Á ekki við.

14.2 Rétt UN-sendingarheiti: Á ekki við.

14.3 Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga: Á ekki við.

14.4 Pökkunarhópur: Á ekki við.

14.5 Umhverfishættur: Á ekki við.

14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda: Á ekki við.

IMO

FELLUR EKKI UNDIR REGLUR UM FLUTNING Á HÆTTULEGUM VARNINGI

14.1 UN-númer: Á ekki við.

14.2 Rétt UN-sendingarheiti: Á ekki við.

14.3 Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga: Á ekki við.

14.4 Pökkunarhópur: Á ekki við.

14.5 Umhverfishættur: Á ekki við.

14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda: Á ekki við.

14.7 Flutningur í búlkum samkvæmt II. viðauka MARPOL 73/78 og IBC-kóði: Á ekki við.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

01=ESB. Tilskipun 76/769/EBE: Takmarkanir á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna. 02=ESB Tilskipun 90/394/EBE: Krabbameinsvaldar á vinnustöðum.

03=ESB Tilskipun 92/85/EBE: Starfsmenn sem eru barnshafandi eða með barn á brjósti.

04=ESB Tilskipun 96/82/EB (Seveso II): 9. grein

05=ESB Tilskipun 96/82/EB (Seveso II): 6. og 7. grein

06=ESB Tilskipun 98/24/EB: Efnaræðilegir áhrifavaldar á vinnustöðum.

07=ESB Tilskipun 2004/37/EB: Um starfsmannavernd.

08=ESB Reglugerð EB nr. 689/2008: 1. viðauki, 1. hluti.

09=ESB Reglugerð EB nr. 689/2008: 1. viðauki, 2. hluti.

10=ESB Reglugerð EB nr. 689/2008: 1. viðauki, 3. hluti.

11=ESB Reglugerð EB nr. 850/2004: Um þrávirk, lífræn mengunarefni.

12=ESB REACH, viðauki XVII: Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinna hættulegra efna, blandna og hluta.

13=ESB REACH, viðauki XIV: Skrá yfir umsóknarefni sem eru sérlega varasöm (SVHC).

15.2 Efnaöryggismat:

Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Upplýsingar um endurskoðun: Endurskoðunin uppfærir eftirfarandi liði örygisblaðsins: 14-16.

Texti hættusetninga:

H43 – Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

H51/53 – Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H52/53 – Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H53 – Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H411 – Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum.

H413 – Getur haft langvinn, skaðleg áhrif á heilsu.

H317 – Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í snertingu við húð.

Skammstafanir:

STEL – Skammtíma váhrifamörk

TLV – Viðmiðunargildi

TWA – Tímavegið meðaltal

CAS – Upplýsingaþjónusta um iðefni

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Þýðing: Reynir Hjálmarsson